

Bæjarstjórn Reykjaneshæjar
Ráðhús Reykjaneshæjar
Tjarnargötu 12
230 Reykjaneshæ

Reykjavík, 27. janúar 2020
Mál nr. 2001511

Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs Reykjaneshæjar

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins, Bjarna Guðmundssonar, dagsett 26. janúar sl., þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafni Eftirlaunasjóðs Reykjaneshæjar fyrir árið 2020 verði 69%.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði greinar 35 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíman og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllst,
f.h. Brúar lífeyrissjóðs



Þóra Jónsdóttir
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs